

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 15. júní 2007 í máli nr. S-235/2007:

Ákærvaldið

(Sævar Lýðsson fulltrúi)

gegn

Lúðvíki Þór Þorfinnssyni

Mál þetta sem dómtekið var 11. maí s.l. að loknum munnlegum málflutningi er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Suðurnesjum á hendur Lúðvíki Þór Þorfinnssyni, kt. 000000-0000, Háholti 9, Hafnarfirði "fyrir umferðarlagabrot, með því að hafa að kvöldi þriðjudagsins 8. ágúst 2006 ekið bifreiðinni MO-208 á allt að 129 km hraða á klukkustund á Reykjanesbraut í austur, á vegarkafla við Hvassahraun, þar sem leyfður hámarkshraði var 90 km á klukkustund og með tendruð þokuljós án þess að veðurskilyrði væru fyrir hendi, en lögreglan stöðvaði akstur hans skömmu síðar.

Telst þetta varða við 2. mgr. 37. gr. og 6. mgr. 32. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. 3. gr. laga nr. 57,1997.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og honum verði ákvarðaðir punktar fyrir framangreint brot skv. 7. gr., sbr. viðauka reglugerðar um ökuferilsskrá og punktakerfi vegna umferðarlagabrota nr. 431/1998 og hann dæmdur til sviptingar ökuréttar skv. 2. mgr. 101. gr. umferðarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 57,1997, 1. gr. laga nr. 132,2003 og 8. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 431/1998."

Af hálfu ákærða er aðallega krafist sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara er krafist vægustu refsingar sem lög frekast leyfa. Þá er krafist hæfilegra málsvarnarlauna til skipaðs verjanda Valgeirs Kristinssonar hrl. og verði þau greidd úr ríkissjóði.

1. Málavextir.

Þriðjudaginn 8. ágúst 2006 kl. 23:17 voru tveir lögreglumenn á eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni 34-251 og óku vestur Reykjanesbraut og veittu þeir þá athygli bifreiðinni MO-208, sem var á móts við Hvassahraun og var ekið í austur. Hraði bifreiðarinnar var mældur með hraða ratsjár og reyndist vera samkvæmt því sem fram kemur í lögregluskýrslu og vettvangsskýrslu lögreglu 134 km m/v klst. Þá hafi verið kveikt á þokuljósum bifreiðarinnar án þess að skilyrði væru til slíkrar ljósanotkunar. Bifreiðinni var veitt eftirför og hún stöðvuð skömmu síðar. Ökumanni bifreiðarinnar, sem reyndist vera ákærði í málinu var kynnt tilefni afskipta lögreglu og var sýndur mældur hraði á skjá ratsjárinnar og kemur fram í vettvangsskýrslu lögreglu, sem ákærður undirritaði, að hann hafi ekki tjáð sig um ætlað brot, en þar er tilgreint að mældur hraði hafi verið 134 km m/v klst. og ratsjain hafi verið prófuð fyrir og eftir mælingu. Þá kom þar og fram að mælt hafi verið með framloftneti og notast við svonefndan "Fastest/Slower takka á ratsjainni.

Ákvæður kvaðst rengja hraðamælinguna á þeim forsendum að hún eigi við aðra bifreið, sem ekið hafi verið við hlið bifreiðar hans og hafi verið um framúrakstur að ræða. Hann kvaðst hafa fylgst með hraðamæli bifreiðar sinnar, sem sýnt hafi tæplega 100 km hraða m/v klst. Hann kvað hraðamælinn sýna réttan hraða, þar eð bifreiðinni hefði ekki verið breytt. Hann kvað því ranga bifreið hafa verið stöðvaða, en hann minntist þess ekki að kveikt hafi verið á þokuljósum né að honum hafi verið bent á það af lögreglu. Hann kvaðst hafa verið vanur að aka bifreiðinni MO-208, sem væri kraftmikil BMW bifreið. Það kvað bifreiðina sem ók fram úr bifreiðinni hafa verið Mercedes Benz bifreið CD-280, grá eða silfurgrá að lit og hafi hún fljótlega horfið á brott og áætlaði hann hraða hennar 120-140 km m/v klst.

Hann kvaðst hafa verið með radarvara, sem hafi blikkað en ekki það mikið að það samsvaraði því að ratsjárgeisla frá lögreglubifreiðinni hafi verið beint að bifreiðinni. Hann kvaðst hafa nefnt framúraksturinn við lögregluna, en vitni að honum hafi verið eigandi bifreiðarinnar Ingimar Sveinn Jónsson, sem hafi verið farþegi, sem ekki hafi haft sig í frammi við lögreglu og hún ekki gefið sig á tal við hann.

Vitnið Arnar Már Jónsson, lögreglumaður mundi ekki sérstaklega eftir atvikum, en kannaðist við að hafa verið við hraðamælingu með Helgu Einarsdóttur lögreglumanni í greint sinn. Það mundi ekki eftir annarri bifreið, sem hafi verið að taka fram úr bifreiðinni sem ákærði ók. Það kvaðst vant hraðamælingu með ratsjá og unnið við það frá því í mars s.l. Það kvað ratsjána alltaf prófaða fyrir og eftir mælingu og væri ökumanni yfirleitt sýndur mældur hraði á ratsjá. Vitnið kvað þá lögreglumenn, sem voru í lögreglubifreiðinni hafa staðið jafnt að mælingu, annar sjái um aksturinn en hinn um mælinguna.

Vitnið Helga Einarsdóttir, lögreglumaður mundi ekki sérstaklega atvik að mælingunni, en þarna hafi verið mældur hraði bifreiðar sem ók í austur átt, en lögreglubifreiðinni hafi verið ekið í vesturátt og hafi það stjórnað mælingunni. Umferðin hafi verið í meðallagi og hafi verið notaður svonefndur "Fastest-Slower" takki á ratsjóni, en sú mæling sé notuð þegar fleiri en ein bifreið sé í umferðinni og þegar það sjáist, að bifreið sé ekið áberandi hraðar en hin eða hinar í umferðinni og til að mæla þá bifreið sé þessi takki notaður. Það kvað ekki hugsanlegt að röng bifreið hafi verið stöðvuð, en ef einhver vafi væri á í sambandi við mælinguna, væri bifreiðinni sleppt. Það kvað ratsjóna hafa verið prófaða á klukkutíma fresti og reynst rétt og ákærða hafi verið sýndur mældur hraði. Það kvað hann ekki hafa tjáð sig á vettvangi, en kvittað undir vettvangsskýrslu um hraðamælinguna. Það kvað akstur ákærða hafa verið stöðvaðan innan við mínútu frá mælingu. Það minntist þess ekki að annarri bifreið hafi verið ekið fram úr bifreiðinni, sem ákærði ók og mundi ekki til þess, að það hafi komið fram hjá ákærða. Það kvaðst bera ábyrgð á hraðaratsjarmælingu, en það hafi lokið námi í lögregluskólanum á árinu 2003 og þá tekið próf í ratsjarmælingu og jafnframt hafi það unnið við ratsjarmælingar á árunum 2003-2004.

Vitnið mundi ekki eftir grárri Benz bifreið, sem ekið hafi verið fram úr á framangreindum tíma, en venjulega sé fjarlægðin milli lögreglubifreiðar og bifreiðarinnar sem mæld er 500-1000 metrar og sé geisli ratsjárinnar um 30°. Það kvða hraða bifreiðarinnar sem ekur hraðast af mörgum bifreiðum mælast með því að nota Fastest/Slower takkann.

Vitnið Ingimar Sveinn Jónsson, kt. 000000-0000, Kelduhvammi 14, Hafnarfirði, eigandi bifreiðarinnar MO-208, kvaðst muna eftir greindu atviki og hafa verið farþegi í bifreiðinni. Það kvað geisla ratsjár lögreglunnar hafa verið skotið að vitlausum bíl, það hafi verið radarvari í bifreiðinni, sem ekki hafi farið upp eins og þegar ratsjárgeisli beindist að bifreið þess. Það kvaðst ekki hafa fylgst með hraðamæli í bifreið þess, en það hafi ekki verið grá Benz 420 bifreið, sem hafi tekið fram úr bifreið þess og hafi bifreið þess verið mjög lík bifreið þess. Það hafði ekki náð númeri þessarar bifreiðar, en taldi hana hafa verið á um 130 km hraða m/v klst. og hafi lögreglubifreiðin verið í töluverðri fjarlægð er framúraksturinn fór fram.

II. Niðurstöður.

Í málinu verður að telja í ljós leitt með vætti lögreglumannanna Arnars Más og Helgu Einarsdóttur og framkvæmdum ratsjarmælinguna, að í greint sinn mæla þau hraða bifreiðar sem kemur á móti þeim, og er ekið í austurátt og er móts við Hvassahraun er þeir verða hennar vör og er mældur var hraði 134 km m/v klst. Ákærður hefur ekki vefengt að þessi mæling geti verið rétt, en hefur haldið því fram, að mælingin eigi við aðra gráa bifreið, líkri bifreiðinni MO-208, sem ekið hafi fram úr bifreiðinni á þeim tíma er mælingin fór fram og fær framburður ákærða stuðning í vitnisburði Ingimars Sveinssonar eiganda bifreiðarinnar, en vitninu og ákærða ber saman um að hann hafi verið farþegi í bifreiðinni og kvaðst vitnið hafa setið í framsætinu farþegamegin. Þá kemur til álita hvernig gögn

málsins horfa við gagnvart þessari fullyrðingu. Vitnið Helga Einarsdóttir lögreglumaður hefur borið að geisli ratsjárinnar sé 30° og þegar notaður sé svonefndur Fastest/Slower takki á henni mælist hraði þeirrar bifreiðar sem hraðast fer. Það að þessi takki var notaður bendir til þess, að þarna hafi verið fleiri bifreiðar á ferð, sem ekið hafi verið í sömu átt og bifreiðin MO-208. Hins vegar hafa lögreglumennirnir Arnar Már og Helga ekki getað sagt með ákveðnum hætti hvar lögreglubifreiðin var er mæling fór fram, né hve langt var í bifreiðina MO-208. Fram er komið að umferðin hafi verið í meðallagi, en aðspurð hvort þau hafi orðið vör við bifreiðina, sem ákærður og vitnið Ingimar tala um að hafi ætlað að taka fram úr bifreiðinni MO-208, minnst þau þess ekki að hafa séð bifreið sem sé í samræmi við lýsingu ákærða, en fullyrða samt ekki að engri álíka bifreið hafi verið til að dreifa, sem hafi um þetta leyti tekið fram úr bifreiðinni. Þá er ekki í lögregluskýrslu getið um að farþegi hafi verið í bifreiðinni og lögreglumennirnir minnst þess ekki hér fyrir dómi að farþegi hafi verið í bifreiðinni, en ekki er heldur fram komið að annar þeirra eða þeir báðir hafi farið út úr lögreglubifreiðinni til að kanna það. Verður því að byggja á því að vitnið Ingimar hafi verið farþegi í bifreið sinni. Miðað við að geisli ratsjárinnar er 30° er ekki ólíklegt að tvær bifreiðar hafi getað verið innan geislans er mælingin fór fram einkum ef fjarlægðin er nokkur og verður ekki útilokað að hraði bifreiðar sem er að draga upp eða fara fram úr annarri bifreið, mælist þó að athyglin beinist að þeirri bifreið sem fremst var og ætlunin er að mæla og ratsjain beinist að. Þarna verður því að styðjast við sjónmælingu að hluta. Þegar virt er hve vætti lögreglumannanna er óglöggur um þessar aðstæður og lítið er til þess að ekki er af hálfu lögregumannanna afdráttarlaust tekið af skarið um að engin önnur bifreið hafi vegna hraðaauknigar í sambandi við framúraksturgetað komið inn í geisla ratsjárinnar sbr. vætti vitnisins Ingimars og staðföst neitun ákærða verður að telja að ákveðin vafi sé um mælinguna sem verði að meta ákærða í hag og sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Dæma ber að kostnaður sakarinnar sem er málsvarnarlaun skipaðs verjanda Valgeirs Kristinssonar hrl. sem ákveðast 129.480 krónur með virðisaukaskatti greiðist úr ríkissjóði.

DÓMSORÐ

Ákærður, Lúðvík Þór Þorfinnsson, er sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Valgeirs Kristinssonar hæstaréttarlögmanns, 129.480 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur greiðist úr ríkissjóði.

Guðmundur L. Jóhannesson

Rétt endurrit staðfestir.

Héraðsdómi Reykjaness 15. júní 2007.